

## Fundargerð

|                     |  |
|---------------------|--|
| <b>Fundarefni:</b>  | Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla   |
| <b>Dags.:</b>       | 13. mars 2014  |
| <b>Fundarmenn:</b>  | Guðni Björnsson, Sigurður Grétarsson, Karl Einarsson<br>Hörður Sigurðsson, Íris Lena Leósdóttir, Brynhildur<br>Grímsdóttir og Berglind Svavarsdóttir |
| <b>Fjarverandi:</b> | Hólfríður Einarssdóttir  |
| <b>Ritað af:</b>    | Berglind Svavarsdóttir   |

### 1. Fundur settur.

Guðni setti fundinn kl. 19.45

### 2. Fundur með skólastjóra.

Umræður urðu um framvindu mála eftir síðasta fund með skólastjóra og ákveðið að óska eftir áfangaskýrslu frá skólastjóra við fyrsta tækifæri.

### 3. Alþjóðadagur FFÁ

Ákveðið er að fresta alþjóðadeginum um tvær vikur og nú er stefnt að honum laugardaginn 5. apríl n.k. Forsvarsmáður undirbúningsnefndarinnar er Donata Bukowski og að hennar sögn er undirbúningurinn kominn af stað en þó vanti fleiri í nefndina. Ákveðið er að boða til fundar með undirbúningshópnum í næstu viku.

### 4. Fundir með Pegasus/nemendaráði

Fyrirhugaður er fundur með Pegasus en illa hefur gengið að ná saman með fundartíma. Einnig rætt um nauðsyn þess að hitta fulltrúa úr nemendaráði skólans og tengja betur saman starf foreldrafélagsins við nemendastarfið.

### 5. Fulltrúaráðsfundur Samkóp

Fulltrúaráðsfundur Samkóp verður þann 18. mars n.k. Umræðuefni á þeim fundi verður meðal annars bekkjarsáttmálinn, foreldraráð, mótuneyti, ferðir á vegum skólans ofl.

### 6. Önnur mál.

- Foreldrarölt. Berglind upplýsti að hún orðið þess áskynja að skólinn væri ekki að boða bekkjarfulltrúa á foreldraröltið þannig að hún hefði séð um þá boðun frá áramótum. Enginn af hálfu skólans hefði hins vegar séð ástæðu til að tilkynna foreldrafélaginu um breytt fyrirkomulag. Fundarmenn lýstu yfir mikilli óánægju með viðbrögð og framkomu skólans í þessu máli.
- Greiðsluseðlar frá foreldrafélaginu. Sendir út 500 seðlar og 352 búnir að greiða eða sem nemur 70,4%.
- Bókagjöf frá foreldrafélaginu. Rætt um hvort foreldrafélagið eigi að kaupa bækur til afnota á bókasafni skólans.
- Rætt um samskiptareglur leik- og grunnskóla Kópavogs við aðila utan skólanna.
- Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 1. apríl kl. 19.30.

## **7. Fundi slitið**

Guðni sleit fundi kl. 21.40